

Alþingi
Erindi nr. P 136/122/
komudagur 11.3.2009



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 11. mars 2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til brt. á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (359. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði, en ákvæði frumvarpsins miða að því að veita FME heimild til að falla frá stjórnvaldssektum eða kæra ekki einstakling eða lögaðila sem kemur fram og veitir upplýsingar um möguleg brot á löggjöf á fjármálamarkaði.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið finnast ekki fordæmi þess í öðrum ríkjum að sambærileg ákvæði hafi verið sett hvað varðar hugsanleg lögbrot á fjármálamarkaði. Það skiptir litla þjóð eins og Ísland miklu að byggja umgjörð fjármálamarkaðar síns á alþjóðlegu regluverki. Ekki verður lagt mat á það hér af hverju ESB eða einstakar þjóðir hafa ekki fetað þessa braut hvað fjármálamarkað varðar. Einungis er hægt að velta vöngum yfir hvernig standi á því, svo sem að mögulegt sé að slíkt geti aukið hættu á meinsæri eða að þeir sem raunverulega kunna að brjóta af sér geti með slíku fyrirkomulagi komist að mestu hjá refsingu á grunni slíkra laga.

SFF gera ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Guðjón Rúnarsson